

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2009/810/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/173/EBE ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24e (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006):

„24ea. **32009 D 0810**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (Stjtið. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9).“

2. Textinn í lið 20a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/173/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/810/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 72, 25.3.1993, bls. 33.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.